

Reykjavík 15. maí 2012

Nefndarsvið Alþingis
Austræti 8-10
150 Reykjavík.

Þökkum fyrir fundinn um daginn en viljum áréttta eftirfarandi athugasemdir okkar í von um að nefndinn taki þær til greina áður en frumvarpið verður að lögum.

Þau viðmið sem sett eru fram um undanþágufjárhæðir eru að okkar mati of lág og munu ekki hafa þau tilætluðu áhrif sem lagt er upp með. Við leggjum því til að mörkin verði hækkuð í 8.000.000 af hreinorkubílum og 6.000.000 af tengiltvinnbílum.

Í röksemdum með frumvarpinu er það útlistað að þessi lækkun sé til þess ætluð að bílar með nýrri tækni verði eigendum ekki dýrari þegar tekið er tillit bæði til kaupverðs og rekstarkostnaðar. Vissulega á rekstarkostnaður þeirra að vera umtalsvert lægri en bíla sem nota jarðefnaeldsneyti en munurinn er þeim verulega í óhag þegar kemur að kaupverðinu. Eins er horft til þess að það sé ekki verið að niðurgreiða "lúxusbíla" og því viðmiðið ekki haft hærra.

Raunin er sú að þessir bílar, hvort heldur eru hreinorkubílar eða tengiltvinn, eru umtalsvert dýrari. Fjármálaráðuneytið hefur notað Toyota Prius sem viðmið í tengslum við tengiltvinnbíla en nauðsynlegt er að sjá þetta í víðara samhengi og horfa til annarra bíla sem eru að koma á markað. Þar er fyrst og fremst um að ræða bíla sem nota rafmótora sem megin aflrás en eru með litlar bensínvélur til framleiðslu rafmagns. Má þar nefna bíla eins og Opel Ampera, Chevrolet Volt og fleiri. Þessi bílar eru mjög dýrir þó svo að um sé að ræða tengiltvinnbíla og mun því 4.000.000 skattleysiviðmið ekki duga til að ná ætluðum árangri. Sem dæmi um Chevrolet Volt þá kosta sambærilega stórir sprengihreyfilsbílar í kringum 3-3,5 milljónir en Volt mun kosta m.v. forsendur frumvarpsins um 7.7 milljónir. Þessi bíll kostar sem dæmi 29.000 pund í Bretlandi (5,8 milljónir m.v. gengisskráningu 2011 IKR/GBP) þegar tekið hefur verið tillit til 5000 punda endurgreiðslu frá breska ríkinu. Vissulega verða þessir bílar alltaf dýrari en hefðbundnir en þessi munur 7,7m./3,5m er of mikill og hærra en forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir.

Jafnframt spyrjum við okkur af hverju ástæða sé til þess að fjórhjól eru tekin með í þessum undanþágum (flokkar L.....). Ætla má að það komi til vegna hugmynda ákveðinna einstaklinga um innfluting á indverskum REVA sem varla geta talist bílar og eru frekar yfirbyggð mótórhjól, eru flokkaðir þannig hjá Umferðastofu og stór spurning hvort æskilegt geti talist að fá þá inn í íslenska umferð. Þessi tæki skora mjög lágt í öryggisprófum, eru illa útbúnir fyrir íslenskt veðurfar og henta betur í heitara umhverfi þar sem til staðar er löng hefð fyrir vélhjólum s.s. Indland.

Virðingarfyllt.
Fh. Stjórnar BÍlgreinasambandsins.

Özur Lárusson
Framkvæmdastjóri
BÍlgreinahúsinu Gylfaflöt 19
112 Reykjavík.